

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 7. október 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2011

Fyrir fundinum lágu gögn um rekstrarniðurstöðu sveitarsjóðs árána 2007-2009 og áætlaða rekstrarniðurstöðu fjárhagsáætlunar 2010.

Sveitarstjórn ræddi þær áherslur og stefnumál sem hún taldi mikilvægt að setja við gerð fjárhagsáætlunar 2011 og sem áherslumál almennt á kjörtímabilinu. Einnig var rætt um verklag og tímasetningar við gerð fjárhagsáætlunar.

2. Deiliskipulag Hólaness

Fyrir fundinum lá áætlun Yngva Þórs Loftssonar skipulagsráðgjafa hjá Landmótun um gerð deiliskipulags Hólanessvæðisins sem var til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 16. september sl. Þá var ákvörðun frestað til næsta fundar.

Sveitarstjórn samþykkti að leita eftir samningum við Landmótun um gerð deiliskipulagsins.

3. Bréf:

- a. Orkustofnunar, dags. 29. sept. 2010

Í bréfinu er fjallað um tilkynningarskyldu um jarðboranir og eftirlit Orkustofnunar með leitar- og vinnslusvæðum eftir jarðhita og grunnvatni og nýtingu þessara auðlinda. Bérið var til kynningar

- b. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 24. sept. 2010

Í bréfinu eru tilmæli til sveitarstjórna vegna reglna um ráðningar starfsmanna sveitarfélags og bent á að ákvæði 56. gr. sveitarstjórnarlaga í því tilliti. Fyrir fundinum lágu samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitafélagsins þar sem sama ákvæði er og í lögnum.

Bréfið var til kynningar

- c. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 27. sept. 2010

Með bréfinu er sveitarstjórnnum gefin frestur til 15. október 2010 til að sækja um byggðakvóta fyrir byggðarlagið.

Sveitarstjóra falið að rita umsókn um byggðakvóta.

d. Sóknarnefndar Hólaneskirkju, dags. 21. sept. 2010

Með bréfinu þakkar sóknarnefnd Hólaneskirkju þann hlýhug sem kirkjunni er sýndur með framlagi sem sveitarstjórn veitti til viðhalds kirkjunnar.

Bréfið var til kynningar

4. Fundargerðir:

- a) Stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún 15.09.2010
Meðfylgjandi fundargerðinni var ársreikningur 2009 sem stjórn byggðasamlagsins hafði samþykkt.
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við samþykkt ársreikningsins.
- b) Samvinnunefndar um svæðisskipulag A-Hún. 28.09.2010
Í fundargerðinni kemur m.a. fram að samvinnunefndin hefur ákveðið að leggja niður svæðisskipulag A-Húnavatnssýslu þar sem öll sveitarfélög á skipulagssvæðinu hafi lagt fram nýtt aðalskipulag sem taki yfir skipulagshlutverkið.
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við þá ákvörðun að leggja svæðisskipulagið niður.
- c) Stjórnar SSNV, 13.09.2010
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

- a) Oddviti greindi frá því að þingmenn Norðvesturkjördæmis muni bjóða fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til fundar 26. október nk.
- b) Bréf Símans, dags. 4. október 2010
Borist hafði svarbréf Símans vegna erindis frá sveitarfélaginu 17. maí sl. um háhraðatengingu. Í bréfinu kemur fram að frumvinna á því að bjóða fulla gagnvirka sjónvarpsþjónustu með myndveitu, háskerpujónvarpsrásum og hraðari internettengingu fyrir Skagaströnd hafi farið fram. Kostnaður við slíka tengingu sé hins vegar umtalsverður og því sé óskað eftir viðræður við fulltrúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ræddi efni bréfsins en samþykkti síðan að fela oddvita og sveitarstjóra að óska eftir fundi um málið.
- c) Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi bókun:
Sveitarstjórn Skagastrandar mótmælir harðlega þeim niðurskurði sem stefnir í með frumvarpi til fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir 13% lækkun framlaga til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi og skorar á heilbrigðisráðherra að taka þessa niðurstöðu til endurskoðunar. Undanfarin ár hafa rekstrarforsendur heilbrigðisstofnunarinnar farið ört versnandi með reglubundnum niðurskurði og því telur sveitarstjórn að ekki verði lengra gengið án þess að það leiði til þjónustubrests sem hafi alvarleg áhrif á búsetuskilyrði.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

d) Þakkarbréf Djásn og dúllerí, dags. í september 2010
Borist hafði bréf frá Signý Richter, Sigr. Björk Sveinsdóttur og Birnu Sveinsdóttur sem þakka stuðing sveitarfélagsins við handverksmarkað sem í sumar var rekin undir nafninu Djásn og dúllerí.
Bréfið var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11¹⁵

Adolf H. Berndsen,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jensína Lýðsdóttir

Halldór G. Ólafsson,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Magnús B. Jónsson